

FRÁSÖGN

af öðrum fundi sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins í Þjóðmenningarhúsinu og Hellisheiðarvirkjun 27. apríl 2011

Annar fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins fór fram í Reykjavík og á Hellisheiði 27. apríl sl. Af hálfu sendinefndar Alþingis gagnvart hinni sameiginlegu nefnd sóttu fundinn Árni Þór Sigurðsson formaður, Valgerður Bjarnadóttir varaformaður, Birgitta Jónsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Ólöf Nordal og Guðlaugur Þór Þórðarson. Fyrir hönd Evrópuþingsins sátu fundinn þingmennirnir Pat the Cope Gallagher formaður, Paul Rübig, Indrek Tarand, Søren Bo Søndergaard og Cristian Dan Preda.

Fundinum var stýrt af Árna Þór Sigurðssyni og Pat the Cope Gallagher, sem sinna sameiginlega formennsku í nefndinni. Í upphafi fundar áréttaði Árni Þór mikilvægan þátt sameiginlegu þingmannanefndarinnar í aðildarviðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins. Hann sagði nefndina vettvang samskipta þingmanna Alþingis og Evrópuþingsins til að ræða um hvaðeina sem við kæmi aðildarviðræðunum auk þess sem tækifæri gæfist til milliliðalausra samskipta við fulltrúa framkvæmdastjórnar og ráðherraráðs ESB. Þá sagði Árni Þór styttest að hinar eiginlegu samningsviðræður hæfust með opnun fyrstu samningskaflanna en væri fyrirhugað í júní nk.

Undir sérstökum dagskrárlið fundarins var rætt um samskipti Íslands og ESB í ljósi yfirstandandi umsóknar- og aðildarviðræðuferlis. Bálint Ódor, fulltrúi ungversku formennskunnar í ráðherraráði ESB, Timo Summa, sendiherra og fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB, og Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands, fluttu ávörp.

Bálint Ódor kynnti helstu áhersluatriði formennsku Ungverjalands í ráðherraráði ESB. Hann sagði erfitt ástand efnahagsmála einkenna núverandi stöðu sambandsins og það að koma á stöðugleika í málaflokknum væri algjört forgangsatriði. Þá ræddi hann um stækkunarferli ESB þar sem þrjú ríki eiga í aðildarviðræðum; Ísland, Króatía og Tyrkland. Hann sagði rýnifundi Íslands og ESB ganga vel en þar er löggjöf Íslands og ESB borin saman í öllum þeim 35 efnisköflum sem aðild að ESB felur í sér. Þá sagði hann aðild Íslands að EES-samningnum og Schengen hafa jákvæð áhrif á ferlið.

Timo Summa þakkaði fagmannlegt og gagnsætt samstarf við gerð skýrslna framkvæmdastjórnarinnar um framgang aðildarumsóknar Íslands. Sú fyrsta kom út 9. nóvember sl. og fyrirhugað er að næsta verði birt 12. október 2011. Þá sagði Summa að fylgst væri náið með Icesave-deilunni en framkvæmdastjórnin liti svo á að málið væri tvíhliðamál deiluaðila og ætti ekki að hafa áhrif á aðildarferli Íslands að ESB.

Stefán Haukur upplýsti fundarmenn um stöðu mála af hálfu Íslands og sagði rýnivinnu miða vel áfram. Hann sagði jafnframt að aðild Íslands að EES-samningnum í tæp 17 ár ynni verulega í haginn í ferlinu. Ljóst væri að samningsaðilar eru ekki sammála um alla þætti en ekkert sé því til fyrirstöðu að sátt náist í samningsferlinu. Þá vonaðist hann til að hafnar yrðu viðræður um sjávarútvegsmál, sem er lykilkafli fyrir Íslendinga, á haustmánuðum. Ljóst er að sjávarútvegsmál verða erfitt mál í aðildarviðræðunum og benti Stefán á að þó að ESB-ríkin reiði sig mörg hver á fiskveiðar sé það ekki í líkingu við það vægi sem greinin hafi fyrir Íslendinga. Íslensk fiskveiðilögsaga liggja hvergi að lögsögu ESB-ríkjanna og flestir fiskstofnar séu staðbundnir en ekki deilistofnar. Stefán sagði jafnframt að í samningaviðræðunum á sviði sjávarútvegs yrði væntanlega tekist á um takmarkanir á erlendum fjárfestingum. Þá beri að hafa í huga að Íslendingar og fulltrúar ESB séu sammála um mikilvægi sjálfbærrar fiskveiðistefnu á svæðinu.

Í umræðum sem fylgdu framsögunum sagði Árni Þór að framvinda aðildarviðræðna væri í takt við áætlanir. Þá útskýrði hann afstöðu Íslendinga í Icesave-deilunni og lagði áherslu á að um væri að ræða tvíhliða deilumál sem bæri að leysa sem slíkt. Leitast hafi verið við að leysa málið með samningi en sú leið hafi ekki skilað árangri. Því verði málið tekið fyrir dóm eins og eðlilegt er meðal réttarríkja og það eigi ekki að blandast við ESB-aðildarviðræður Íslands. Íslensku þingmennirnir studdu mál Árna Þórs og lögðu áherslu á að haldið yrði til streitu lagalegum sjónarmiðum Íslands í deilunni.

Gallagher spurði hvort gera þyrfti breytingar á stjórnarskrá Íslands ef aðild að ESB yrði samþykkt við þjóðaratkvæðagreiðslu. Stefán Haukur svaraði því játandi og sagði að Alþingi þyrfti að gera ákveðnar breytingar ef aðild yrði samþykkt.

Landbúnaðarstefnur Íslands og Evrópusambandsins voru sérstakur dagskrárliður og flutti Björgvin G. Sigurðsson framsögu. Björgvin fór yfir landbúnaðarkerfið á Íslandi og þá þætti sem eru frábrugðnir kerfi ESB. Hann sagði ályktun Alþingis um aðildarumsókn að ESB afdráttarlaus varðandi stöðu landbúnaðar og áhersla sé á að tryggja stöðu greinarinnar. Á Íslandi eru framleiðslustyrkir og tollavernd rík en hjá ESB eru veittir styrkir út á stærð landsvæða. Grundvallarmunur sé þar á þar sem íslenskur landbúnaður byggist að stærstum hluta upp af kvikfjárrækt en ekki kornrækt eins og víða í aðildarríkjum ESB. Þá sagði hann ákveðin tækifæri fólgin í aðild fyrir íslenskan landbúnað en mikilvægt væri að verja kjölfestugreinarnar. Hann sagði afstöðu til landbúnaðar á Íslandi m.a. byggjast á byggðarsjónarmiðum og greinin hafi menningarlegt og pólitísk gildi í samfélaginu. Evrópuþingmaðurinn Indrek Tarand (Eistlandi) sagði mikilvægt að styrkja stofnanakerfi íslensks landbúnaðar þannig að hann standist regluverk Evrópusambandsins.

Ólöf Nordal fór yfir stöðu efnahagsmála á Íslandi og sagði þau viðkvæm og sveiflukennð. Markmiðið væri að ná stöðugleika í ríkisbúskap en fjárlagahallinn væri enn umtalsverður. Skuldastaða ríkissjóðs hafi versnað verulega í kjölfar fjármálakreppunnar og landsframleiðsla dregist saman um 10% síðustu ár. Utanríkisviðskipti séu þó hagfelld og hagvexti sé spáð síðari hluta 2011. Þá ræddi Tarand um aðgerðir ESB til að bregðast við vanda alþjóðlegu efnahagskreppunnar og stuðla að stöðugleika í efnahagslífi aðildarríkjanna.

Guðlaugur Þór Þórðarson spurði um stöðu evrunnar og lagði Árni Þór til að sérstök umræða um gjaldmiðlamál færi fram á næsta fundi nefndarinnar og var það samþykkt.

Við lok fyrri hluta fundarins var tveimur dagskrárliðum, þróun stefnumótunar í Norðurslóðamálum og umræðum um drög að ályktun frestað til næsta fundar sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins.

Seinni hluti fundarins fór fram í Helligheðarvirkjun og var helgaður endurnýjanlegri orku á Íslandi og í ESB. Þrír sérfræðingar fluttu framsögur. Ingólfur Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, fór yfir hlutdeild endurnýjanlegrar orku í orkubúskap hérlendis og í ESB og möguleika á samvinnu á þessu sviði. Ellý Katrín Guðmundsdóttir, sviðsstýra umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar, fjallaði um möguleika borga til að bregðast við áskorunum í loftslags- og orkumálum og enn fremur um hlut Reykjavíkurborgar í þeirri orkuumbreytingu sem fram fór á Íslandi þegar snúið var frá jarðfnaeldsneyti til vatnsafls og jarðhita. Loks ræddi Tryggvi Jónsson, markaðsstjóri Mannvits, um verkefni á sviði jarðvarma sem fyrirtækið vinnur að í Evrópu og bar jafnframt saman fjárfestingar í jarðvarma við fjárfestingar í öðrum orkukostum.

Þriðji fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins er ráðgerður í Evrópuþinginu í Brussel 5. október 2011.